

## AUGLÝSING

### um breytingar á deiliskipulagi í Reykjavíkurborg.

#### *Húsahverfi, svæði C.*

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti umhverfis- og skipulagsráð Reykjavíkur þann 11. september 2013, breytingu á skilmálum deiliskipulags „Húsahverfi, Grafarvogur III, svæði C“, vegna húsagerðarinnar E8, E9 og útbygginga. Breytingin felst í því að heimilt hámarksbyggingarmagn er aukið og heimildum til útbygginga breytt.

Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem skipulagslög mæla fyrir um. Breytingin öðlast þegar gildi.

#### *Jafnasel 1-3.*

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti skipulagsfulltrúi Reykjavíkur þann 13. september 2013, breytingu á deiliskipulagi Jafnasels vegna lóðarinnar nr. 1-3 við Jafnasel. Í breytingunni felst að stækka lóðina.

Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem skipulagslög mæla fyrir um. Breytingin öðlast þegar gildi.

*Skipulagsfulltrúi Reykjavíkurborgar, 15. október 2013.*

**Björn Axelsson.**

---

B-deild – Útgáfud.: 29. október 2013